


KVIÐARHOLS- SPEGLUN



*Unnið af nemum í skurð- og
svæfingahjúkrun
(vor 1990) í samvinnu við starfsfólk
Kvensjúkdómadeildar Sjúkrahúss
Akraness.*

*Meðal heimilda:
Bæklingar frá St. Jósefsspítala í Hafnarfirði
og HNE deildar Bsp.
Endursk. Júní 2013/PH.*

SHA/rmbæk21

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Kviðarholsspeglun

Í þessum bæklingi eru upplýsingar sem við vonumst til að komi þér að gagni. Skrifðu hjá þér þær spurningar sem upp koma við lestur bæklingins, svo þær gleymist ekki.

Hvað er kviðarholsspeglun ?

Rannsóknaraðferð til að sjá innri líffæri í kviðarholi. Gerð eru tvö göt á kvið, þar sem speglunartækin eru sett inn, annað við nafla og hitt neðar. Lofti er dælt inn í kviðarholið til að fá öruggt rúm til skoðunar. Í lok aðgerðar er loftinu hleypt út aftur og götin saumuð saman.

Hvað þarf að hafa meðferðis ?

Á dagdeildina lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega. Auk þess náttlopp, innískó og snyrtihöld ef um innlögn er að ræða á legudeild.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þú þarft að vera fastandi á mat í 6 klst fyrir aðgerð, en mátt drekka vatn allt að 4 klst. fyrir aðgerðina. Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.

Þú mætir á dagdeildina eftir samkomulagi.

Hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér, fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling og sýnir þér deildina.

Svæfingalæknir talar við þig, útskýrir helstu atriði varðandi svæfinguna og ákveður lyfjaforgjöf.

Kvensjúkdómalæknir talar við bæði fyrir og eftir aðgerðina.

Þú þarft að fjarlægja gleraugu, linsur, alla skartgrip, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerð. Þú þarft að tæma þvagblöðru fyrir aðgerð.

Aðgerðin tekur í allt u.þ.b. 45 mínútur.

Eftir aðgerð

Þú vaknar fljótlega á vöknunarherbergi. Fylgst verður með blóðþrýstingi og hjartslætti í 1-2 klst. Þú verður með næringarvökva í æð, þangað til þú ert farin(n) að drekka.

Verkir: Þú færð litla verki í skurðsárin, en getur fengið óþægindi innan um þig og upp í axlir, "harðsperrur" vegna lofts sem verður eftir í kviðarholi eftir aðgerð. Þetta jafnar sig á 1-2 dögum.

Athugaðu að fara **ekki** fram úr rúmi í fyrsta sinn nema með aðstoð.

Heimferð: Venjulega er heimferð samdægurs en fer þó eftir líðan þinni og niðurstöðum rannsókna.

Þú mátt ekki aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu/deyfingu.

Vinna: Þú getur byrjað að vinna eftir um það bil 2-3 daga nema lækningarnar þín ráðleggi þér annað.

Saumataka: Ef þarf að taka sauma er það gert á 5. - 7. degi eftir aðgerð.

Kynlíf: Aðgerðin hefur engin áhrif á kynlífið, en rétt er að bíða með samfarir í nokkra daga meðan þú ert að jafna þig.

Hvað ber að varast ?

Sýkinga- og blæðingahætta við þessa aðgerð er óveruleg. Þú skalt þó ekki fara í sund eða baðkar og forðast mikla áreynslu meðan sárin eru að gróa, í um viku tíma. Þú mátt fara í sturtu.

Hafðu samband við deildina, sími 432 1000, eða lækinn þinn ef þú ert í vafa um eitthvað eða ef einhver vandamál koma upp.

Athugaðu !

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik.

Hikaðu ekki við að biðja okkur um nánari útskýringar.

Með kveðju,
starfsfólk skurðeildar HVE Akranesi